



Banvænn biti?

Lögverndun á íslenskum vinnumarkaði

Flestir vita að hérlendis þarf leyfi frá stjórnvöldum til að starfa við lækningar eða lögmennsku. Færrí vita að hið sama á við um kókugerð, skrúðgarðyrkju og klæðskerasníði. Lögvernduðum atvinnugreinum hefur fjölgað verulega og í dag þarf leyfi stjórnvalda til að sinna 173 tegundum starfa á Íslandi.¹

Lögverndun er ávallt komið á í nafni neytendaverndar: vernda þurfi einstaklinginn gagnvart fúski og lélegri þjónustu á ákveðnum sviðum. Þrátt fyrir það ber hún mörg einkenni sérhagsmunagæslu. Í krafti lögverndunar geta þeir sem fyrir sitja hækkað verð til viðskiptavina sinna og hindrað aðgengi annarra að sömu störfum, sem dregur úr bæði samkeppni og nýsköpun. Á sama tíma hefur ekki verið sýnt fram á að lögverndun leiði til bættrar þjónustu.

Viðskiptaráð hvetur stjórnvöld til að fylgja erlendum fordæmum og einskorða lögverndun við þær greinar þar sem hún skilar sannarlega ávinningi. Afnáam lögverndunar í fjölmörgum atvinnugreinum myndi auka atvinnufrelsi, styðja við markmið stjórnvalda um aukna framleiðni, ýta undir nýsköpun og draga úr kostnaði fyrir bæði neytendur og fyrirtæki.

„Í dag þarf leyfi stjórnvalda til að sinna 173 tegundum starfa á Íslandi.“

1) Lista yfir öll lögvernuð störf á Íslandi má finna í viðauka 1 aftast í þessari skoðun.

Hvers vegna lögverndun?

Í lögverndun felst að einstaklingur þarf að fá leyfi í samræmi við fyrirmæli frá stjórnvöldum til að sinna ákveðnum störfum og/eða nota ákveðið starfsheiti.

Rökin sem beitt er fyrir lögverndun eru að með henni sé almenningur verndaður gegn svikum, furðufuglum og lélegri þjónustu í viðkomandi grein. Þessi rök eiga best við þegar léleg þjónusta getur hugsanlega leitt til verulegs tjóns fyrir viðskiptavininn og erfitt er að meta gæði þjónustuveitandans fyrirfram.² Slíkar aðstæður geta til dæmis skapast á afmörkuðum sviðum heilbrigðisþjónustu.

Lögverndun hefur hins vegar jafnframt neikvæðar afleiðingar. Með því að skapa hindranir fyrir þá sem vilja hefja störf dregur lögverndun úr fjölda starfandi í viðkomandi grein. Afleiðingar þess eru minni samkeppni og hærrí verð fyrir viðskiptavini en ella. Þá getur lögverndun haft neikvæð áhrif á nýsköpun með fyrirmælum um ákveðna menntun og aðferðir sem torvelda nýjar lausnir.³

Hvert er umfang lögverndunar hérlandis?

Hérlandis tíðkast lögverndun almennt í iðngreinum og heilbrigðisþjónustu (mynd 1). Þá eru einnig nokkur algeng sérfræðistörf lögvernduð sem og flest kennslustörf. Samkvæmt áætlun Viðskiptaráðs nær lögverndun yfir um 60 þúsund störf á Íslandi, sem jafngildir um þriðjung allra starfa í landinu.⁴

Störf á Íslandi má flokka í þrennt þegar kemur að lögverndun (mynd 2). Fyrst má nefna frjálsta starfsemi. Þá getur hver sem er hafið störf án aðkomu stjórnvalda. Næst má nefna lögvernduð starfsheiti. Þá þarf einstaklingur leyfi til að notast við ákveðið starfsheiti en er þó frjálst að sinna sömu verkum án leyfis ef hann notar ekki starfsheitið. Loks má nefna leyfisskylda

„Lögverndun nær yfir um 60 þúsund störf á Íslandi, sem jafngildir um þriðjung allra starfa í landinu.“

Mynd 1

Lögverndun er algengust í iðngreinum, heilbrigðisþjónustu og sérfræðistörfum

Fjöldi lögverndaðra starfa eftir flokki

Flokkur	Fjöldi greina	Dæmi
Iðngreinar	76	▪ Húsasmíði, rafvirkjun, húsgagnabólstrun, matreiðsla
Heilbrigðisþjónusta	75	▪ Skurðlækningar, hnykkingar, félagsráðgjöf, lyfjafræði
Sérfræðiþjónusta	18	▪ Ökukennsla, lögmennska, innanhússhönnun, tæknifræði
Menntun	4	▪ Leik-, grunn- og framhaldsskólakennsla, náms- og starfsráðgjöf
Samtals	173	

Heimildir: Framkvæmdastjórn ESB; Viðskiptaráð Íslands

- 2) Sjá skýrslu Hvíta hússins (júlí 2015): „Occupational Licensing: A Framework for Policymakers“. Slóð: https://www.whitehouse.gov/sites/default/files/docs/licensing_report_final_nonembargo.pdf
- 3) Sjá úttekt Dr. Morris Kleiner (janúar 2015): „Reforming Occupational Licensing Policies“. Slóð: <http://www.brookings.edu/research/papers/2015/01/28-reforming-occupational-licensing-policies-kleiner>
- 4) Áætlunin byggir á fjölda starfandi eftir bálkum atvinnugreina árið 2014 samkvæmt Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands. Þar sem skipting niður á einstakar atvinnugreinar er ekki tiltæk er einungis um nálgun að ræða.

Mynd 2

Skipta má atvinnugreinum í þrjá flokka eftir því hversu íþyngjandi aðgangshindranir eru gagnvart þeim sem vilja starfa innan þeirra

Flokkur	Lýsing	Dæmi um starfsstéttir
1 Frjáls starfsemi	<ul style="list-style-type: none">Öllum er heimilt að sinna starfinu	<ul style="list-style-type: none">Sölumenn, stjórnendur, afgreiðslufólk, ráðgjafar markaðsfólk
2 Lögvernduð starfsheiti	<ul style="list-style-type: none">Aðili þarfnast leyfis til að nota starfsheiti en getur þó sinnt starfinu án þess	<ul style="list-style-type: none">Verkfræðingar, hagfræðingar, arkitekta, grafískir hönnuðir
3 Leyfisskyld starfsemi	<ul style="list-style-type: none">Aðili þarf að hljóta leyfi til að nota starfsheiti og einnig til að sinna starfinu	<ul style="list-style-type: none">Læknar, bakarar, lögmenn, hársnyrtar, prentarar, dýralæknar, fasteignasalar

Heimild: Viðskiptaráð Íslands

starfsemi. Þá þarf leyfi bæði til að nota viðkomandi starfsheiti og einnig til að sinna þeim verkum sem felast í starfinu. Leyfisskylda er því mest íþyngjandi form lögverndunar gagnvart þeim sem vilja hefja störf.

Norðurlandamet í lögverndun

Íslendingar búa við strangara form lögverndunar en íbúar annarra Norðurlanda. Þannig er leyfisskylda – mest íþyngjandi formi lögverndunar – beitt í meiri mæli hérlandis en á öllum öðrum Norðurlöndum (mynd 3). Það orsakast af því að stjórnvöld á öðrum Norðurlöndum hafa frekar kosið að lögvernda einungis starfsheiti. Þá er öllum frjálst að sinna viðkomandi starfi en leyfi þarf til að bera starfsheitið.

Auk meira íþyngjandi útfærslu er umfang lögverndunar yfirgrípsmeira (mynd 4). Í tilfalli sérfræðiþjónustu er talsvert erfiðara fyrir þann sem vill hefja starf að uppfylla skilyrði leyfisskyldu hérlandis en á öðrum Norðurlöndum. Aðgangshindranir á vinnumarkaði af hálfu stjórnvalda er því erfiðara að yfirstíga hérlandis en annars staðar.


Reynslan lögverndun í óhag

Lögverndun felur í sér skerðingu á atvinnufrelsi. Í íslensku stjórnarskránni má finna eftirfarandi ákvæði: „Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.“ Því þurfa stjórnvöld að hafa sterkan málstað fyrir því að ávinningur lögverndunar sé meiri en samfélagslegi kostnaðurinn í hverju tilfalli. Reynslan hefur hins vegar ekki sýnt fram á það.

Mynd 3

Leyfisskylda nær yfir fleiri störf á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum

Fjöldi leyfisskyldra starfa




Heimildir: Framkvæmdastjórn ESB, greining Viðskiptaráðs Íslands

Mynd 4

Íslendingar búa við umfangsmestu lögverndun á Norðurlöndum þegar kemur að sérfræðipjónustu

Umfang lögverndunar

Sérfræðipjónusta, skali frá 0 til 6¹



¹ Niðurstaðan byggir á staðlaðri könnun sem OECD leggur fyrir stjórnvöld í hverju ríki fyrir sig. Könnunin nær yfir fjórar tegundir sérfræðipjónustu: endurskoðun, arkitektúr, verkfræði og lögmennsku. Hér er notast við meðaltal fyrir þessi fjögur svið.

Heimildir: OECD, Viðskiptaráð Íslands

Meginréttlætning lögverndunar er að með henni sé betri gæði þjónustu tryggð með því að koma í veg fyrir fúsk. Ef sú fullyrðing ætti við rök að styðjast ætti lögverndun að leiða til betri þjónustu. Rannsóknir styðja hins vegar ekki við þá fullyrðingu. Í samantekt á tólf rannsóknum á áhrifum lögverndunar á gæði fundu tvær þeirra jákvæð áhrif, níu rannsóknir fundu engin áhrif og ein rannsókn fann neikvæð áhrif.⁵ Áhrif lögverndunar á gæði þjónustu eru því óljós.

Þegar kemur að áhrifum á verð er sambandið hins vegar skýrt. Í sömu samantekt voru ellefu rannsóknir á áhrifum lögverndunar á verð skoðaðar. Niðurstaða níu þeirra var að verð væru marktækt hærra af völdum lögverndunar. Þá var niðurstaða umfangsmikillar rannsóknar að starfsfólk í lögvernduðum greinum hefur 28% hærra tekjur en þegar störfingur eru frjáls.⁶

Rannsóknir hafa því ekki sýnt fram á að lögverndun þjóni almannahagsmunum í formi bættra gæða. Aftur á móti hafa þær sýnt að lögverndun þjónar hagsmunum þeirra sem fyrir eru í viðkomandi stétt í formi hærri tekna. Reynslan sýnir því að veik rök eru fyrir því að skerða atvinnufrelsi með jafn umfangsmiklum hætti og gert er í dag.

Lögverndun ber einkenni sérhagsmunagæslu

Lögverndaðar starfsgreinar bera mörg einkenni sérhagsmunagæslu. Í fyrsta lagi eru leyfissviptingar sjaldgæfar eða jafnvel óþekktar í mörgum þeirra. Það væri ekki raunin ef megintilgangur leyfisveitingarinnar væri að tryggja fullnægjandi gæði. Í öðru lagi eru nær undantekningalaust sett ákvæði um að þeir sem fyrir eru í stéttinni þurfi ekki að uppfylla nýjar kröfur um inngöngu í stéttina þegar þær eru hertar. Ef hagsmunir viðskiptavina væru í fyrirrúmi ættu hinar ströngu kröfur hins vegar að gilda fyrir alla sem sinna viðkomandi starfi. Í þriðja lagi eiga nýir starfsmenn erfðara með að ná inngönguþrófum til að hefja störf í lögverndaðri stétt þegar atvinnuleysi er hærra.⁷ Það bendir til að hæfniskröfurnar gegni ekki einvörðungu þeim tilgangi að tryggja gæði heldur einnig til að vernda störf þeirra sem fyrir eru.

„Lögverndaðar starfsgreinar bera mörg einkenni sérhagsmunagæslu.“

5) Sjá skýrslu Hvíta hússins (júlí 2015): „Occupational Licensing: A Framework for Policymakers“. Tafla 1 í viðauka. Slóð: https://www.whitehouse.gov/sites/default/files/docs/licensing_report_final_nonembargo.pdf

6) Kleiner og Krueger (2013): „Analyzing the Extent and Influence of Occupational Licensing on the Labor Market“. Slóð: <http://www.nber.org/papers/w14979>

7) Elton Rayack (1976)

Af framangreindu má ráða að lögverndun snúist í meiri mæli um sérhagsmuni en almannahagsmuni. Með lögverndun fá þeir sem fyrir eru í atvinnugrein minna aðhald frá nýjum aðilum. Með minni samkeppni geta þeir því hækkað verð til viðskiptavina án þess að þeir geti leitað annað. Þannig færir lögverndun fjármuni frá viðskiptavinum og þeim sem vilja hefja störf til þeirra sem fyrir eru í greininni.

Stjórnvöld vanmáttug gagnvart þróuninni

Íslensk stjórnvöld hafa reynt að bregðast við þessum nýju upplýsingum með því að draga úr umfangi lögverndunar. Árið 2012 kom skýrsla frá nefnd sem ætlað var að endurskoða lögverndun á sviði iðnaðarstarfa, sem eru um 45% lögverndaðra starfsgunda hérlendis. Nefndin gerði ekki úttekt á samfélagslegum kostnaði vegna lögverndunarinnar en taldi engu að síður ótvírátt tilefni til að endurskoða lögina með hliðsjón af atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar:

„[...] löggilding starfsgreina felur í sér takmarkanir á atvinnufrelsi en strangar kröfur verður að gera til löggjafar sem felur í sér slíka skerðingu. Markmið skerðingarinnar þurfa að vera skýr og löggjafinn að hafa tekið afstöðu til þeirra, löggin þurfa að mæla fyrir um meginreglur til að ná fram þeim markmiðum sem og varðandi umfang takmarkana á atvinnufrelsi. Eftir því sem skerðing á atvinnufrelsi er meira íþyngjandi, þess meiri kröfur verður að gera til löggjafarinnar og skýrleika hennar.“

Vinna nefndarinnar leiddi í ljós að lögverndun iðnaðarstarfa er mun umfangsmeiri á Íslandi en í nágrannaríkjunum (mynd 5). Þannig eru fjölmargar iðngreinar leyfisskyldar hérlendis sem eru lögverndaðar í fáum eða jafnvel engu öðru Evrópuríki. Má þar til dæmis nefna veggfóðrun, hattasaum, skóviðgerðir og skrúðgarðyrkju.

Vandséð er hvernig neytendur geta borið verulegt tjón af slæmri þjónustu þegar kemur að hattasaumi eða skrúðgarðyrkju. Ekki verður því séð hvaða almannahagsmunir séu að baki leyfisskyldu í þessum greinum. Því verður að teljast hæpið að iðnaðarlögin í núverandi mynd séu í anda ákvæðis stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi.


„Vandséð er hvernig neytendur geta borið verulegt tjón af slæmri þjónustu þegar kemur að hattasaumi eða skrúðgarðyrkju.“

Mynd 5

Ísland er í sérflokk í Evrópu þegar kemur að takmörkun atvinnuréttinda í iðngreinum

Leyfisskylda innan ólíkra iðngreina

Dæmi



Heimild: Skýrsla nefndar vegna endurskoðunar iðnaðarlaga (2012), Viðskiptaráð Íslands

Nefndin lagði fram hóflegar lagabreytingatillögur í skýrslu sinni. Þannig var einvörðungu lagt til að lögverndun í þeim iðngreinum sem ekki hafi verið kenndar hérlendis á undanföllum árum væri afnumin. Ferlið sigldi hins vegar í strand í kjölfar samráðsferlis við hagsmunaaðila. Í því ferli bárust 20 umsagnir þar sem nær allir lögðust gegn breytingum á löggjöfnni. Má þar til dæmis nefna umsögn Konditorisambands Íslands, sem lagðist alfarið gegn því að lögverndun kókugerðar yrði afnumin með vísan til að lögverndun sporni gegn fúski í greininni sem geti valdið almenningi tjóni.⁸

Þessi endurskoðun varpar ljósi á áskorun stjórnmalanna. Þrýstihópar sem gæta hagsmuna fárra hafa svo mikil áhrif að stjórnvöld eru vanmáttug þegar kemur að því að draga úr sérrettindum þeirra. Í slíkum tilfellum er þörf á pólitískri forystu til að knýja fram breytingar sem þjóna hagsmunum heildarinnar. Ef draga á úr umfangi lögverndunar hérlendis þarf því beina aðkomu stjórnmalamanna að því verkefni.

Stefnubreyting tímabær

Í ljósi margvíslegra neikvæðra áhrifa lögverndunar án þess að sýnt hafi verið fram á gagnsemi hennar er stefnubreyting tímabær. Öll löggjöf um lögverndun ætti að miðast við að atvinnufrelsi sé ekki skert nema sýnt hafi verið fram á að ávinningur lögverndunar vegi upp þann samfélagslega kostnað sem af henni hlýst. Sú stefna væri jafnframt í anda atvinnufrelsisákvæðis stjórnarskrárinnar – nokkuð sem ekki verður sagt um löggjöfina í núverandi mynd. Þrjú skref liggja beint við í slíkri endurskoðun:

1. Afnema leyfisskyldu í iðngreinum
2. Draga úr leyfisskyldu í heilbrigðisþjónustu
3. Afnema leyfisskyldu í menntakerfinu

Fyrsta og einfaldasta skrefið í átt að nýrri stefnu væri að ljúka við endurskoðun iðnaðarlaga með almannahagsmuni að leiðarljósi. Í því fælist að leyfisskylda væri afnumin af flestum eða öllum iðngreinum hérlendis. Telji löggjafinn rök fyrir því að lögverndun sé áfram nauðsynleg í ákveðnum iðngreinum ætti það einvörðungu að vera í formi löggildingar starfsheita, en ekki leyfisskyldu til að sinna viðkomandi störfum. Ástæðulaust er að óttast fortölur um að slík stefnubreyting hefði neikvæðar afleiðingar. Því til stuðnings má nefna í Noregi tíðkast ekki leyfisskylda þegar kemur að því að starfa í iðngreinum, einungis lögverndun starfsheita.⁹

Í mörgum tilfellum nægir einnig að gera gæðakröfur til þess lögaðila sem veitir þjónustuna í stað þess að setja nákvæmar reglur um hæfniskröfur alls starfsfólks á viðkomandi vinnustað. Slík nálgun myndi gera hinu opinbera kleift að draga úr umfangi leyfisskyldu innan heilbrigðisþjónustu. Í þeim störfum þar sem ófullnægjandi þjónusta getur valdið sjúklingum verulegu tjóni, til dæmis við skurðlækningar, getur verið að niðurstaðan verði að viðhalda leyfisskyldu. Hins vegar verður ekki séð að þau rök eigi jafn vel við í tilfelli iðjupjálfa, lífefnafræðinga, læknaritara, matartækna, sjúkraliða, sjúkrannuddara eða sjúkrapjálfa. Meta ætti nauðsyn leyfisskyldu fyrir hvert starf fyrir sig í stað þess að koma henni á í öllum störfum sem tengjast heilbrigðiskerfinu eins og raunin er í dag.

„Í ljósi margvíslegra neikvæðra áhrifa lögverndunar án þess að sýnt hafi verið fram á gagnsemi hennar er stefnubreyting tímabær.“

8) Nálsgast má allar umsagnir á vef atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Slóð: <http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/utgafa/frettir/eldri-frettir/idn/nr/1611>

9) Í Noregi eru einungis starfsheiti lögvernduð í iðngreinum en ekki störfn sjálf. Hið sama er uppi á teningnum þrátt fyrir að iðngreinar tengist mannvirkjagerð eða matvælum. Þetta kemur fram í skýrslu nefndar sem iðnaðarráðherra skipaði til að skoða hugsanlega endurskoðun iðnaðarlaga. Slóð: <http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/utgafa/frettir/eldri-frettir/idn/nr/1611>

Loks ætti að draga úr leyfisskyldu í menntakerfinu. Í stað þess að gera kröfur um umfangsmikið undirbúningsnám einstakra starfsmanna innan menntastofnana ættu stjórnvöld að gera kröfur um gæði kennslu innan viðkomandi stofnunar. Stjórnendum menntastofnana væri þá eftirlátið að þjálfa starfsfólk þannig að þær kröfur séu uppfylltar með þeim hætti sem þeir telja hagkvæmastan.

Margvíslegur ávinningur

Ávinningur stefnubreytingar í átt við þá sem hér er lýst væri margvíslegur. Munar þar mest um að samkeppni myndi aukast í þeim greinum þar sem leyfisskylda væri afnumin. Það myndi leiða til þess að kostnaður viðskiptavina í þeim greinum myndi lækka marktækt, sem bætir lífskjör einstaklinga og rekstrarumhverfi fyrirtækja. Þá mun aukið atvinnufrelsi jafnframt leiða til aukinnar nýsköpunar þar sem stjórnvöld kveða ekki lengur á um hvers konar menntun eða aðferðir þeir sem sinna ákveðnum störfum þurfa að beita.

Á undanförunum árum hefur mörgum verið tíðrætt um að auka þurfi framleiðni héraendis. Með því að breyta lagaumgjörð íslensks vinnumarkaðar í átt til aukins atvinnufrelsis væri tækifærum til að skapa ný verðmæti með hagkvæmari hætti fjölgað. Afnáam lögverndunar er því kjörið tækifæri fyrir stjórnvöld til að taka forystu í þeim efnum.

Nánari upplýsingar veita Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, og Björn Brynjúlfur Björnsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs, í síma 510-7100.

Viðauki 1: Yfirlit yfir öll lögvernduð störf á Íslandi

Heilbrigðisþjónusta

Leyfisskylda: augnlækningar, áfengis- og vímuefnaráðgjöf, barna- og unglingageðlækningar, barnalækningar, barnaskurðlækningar, blóðmeinafræði, brjóstholsskurðlækningar, bæklunarskurðlækningar, dýralæknir, efnaskipta- og innkirtlalækningar, félagslækningar, félagsráðgjafi, fótaaðgerðafræðingur, fæðingar- og kvenlækningar, geðlækningar, geislafræðingur, geislagreining, geislalækningar, gígjarlækningar, háls-, nef- og eyrnalækningar, heilbrigðisfulltrúi, heimilislækningar, hjartalækningar, hjúkrunarfræðingur, hnykkir, húð- og kynsjúkdómalækningar, iðjuþjálfari, ísótópagreining, klínísk lífefnafræði, klínísk taugalífeðlisfræði, lífeindafræðingur, ljósmóðir, lungnalækningar, lyfjafræði, lyfjafræðingur, lyfjateknir, lyflækningar, lýtalækningar, læknaritari, matartæknir, meltingarlækningar, náttúrufræðingur í heilbrigðisþjónustu, nýrnalækningar, næringarfræðingur, næringarráðgjafi, næringarrekstrarfræðingur, ofnæmislækningar, orku- og endurhæfingarlækningar, osteópati, ónæmisfræði, sálfræðingur, sjóntækjafræðingur, sjúkraflutningamaður, sjúkraliði, sjúkranuddari, sjúkráþjálfari, skurðlækningar, smitsjúkdómar, stoðtækjafræðingur, svæfinga- og gjörgæslulæknisfræði, sýklafræði, talmeinafræðingur, tannfræðingur, tannlæknir, tannsmíði, tanntæknir, taugalækningar, taugaskurðlækningar, vefjameinafræði, þroskaþjálfari, þvagfæraskurðlækningar, æðaskurðlækningar, öldrunarlækningar.

Einungis starfsheiti: [ekkert starf]

Iðngreinar

Leyfisskylda: Bakaraiðni, bifreiðasmíði, bifvélavirkjun, bílamálun, blikksmíði, bókbönd, feldskurður, flugvélavirkjun, framreiðsla, glerslípun og speglagerð, gull- og silfursmíði, hattasamur, hársnyrtiðni, hljóðfærasmíði, húsasmíði, húsgagnabólstrun, húsgagnasmíði, kjólasamur, kjötiðni, klæðskurður karla, klæðskurður kvenna, kökugerð, leturgröftur, ljósmyndun, matreiðsla, málaraiðni, málmsteypa, málsuða, mjólkuriðni, mótasmíði, múraraiðni, myndskurður, netagerð, pípulagnir, prentsmíð, prentun, rafeindavirkjun, rafveituvirkjun, rafvélavirkjun, rafvirkjun, rennismíði, réttindi á byggingakrana, réttindi á gaffallyftara, réttindi á traktorsgröf, símsmíði, skipherra á varðskipi, skipstjóri (4 flokkar), skósmíði, skurðgarðyrkja, snyrtifræði, stálskipasmíði, stálvirkjasmíði, steinmíði, stýrimaður (4 flokkar), söðlasmíði, úrsmíði, veggfóðrun og dúklagnir, vélavörður, vélstjóri (8 flokkar), vélvirkjun, vinnuvélaréttindi, ökumaður fyrir hættulegan farm.

Einungis starfsheiti: Iðnfræðingur

Menntun

Leyfisskylda: Framhaldsskólakennari, grunnskólakennari, leikskólakennari, náms- og starfsráðgjafi.

Einungis starfsheiti: [ekkert starf]

Sérfræðiþjónusta

Leyfisskylda: Dómtúlkur og skjalapýðandi, löggiltur endurskoðandi, löggiltur fasteignasali, lögmaður, matvælafræðingur, niðurrjöfnunarmaður sjótjóns, ökukennari.

Einungis starfsheiti: Bókafnsfræðingur, byggingafræðingur, hagfræðingur, húsameistari (arkitekt), innanhússhönnuður, landslagshönnuður, skipulagsfræðingur, tæknifræðingur, tölvunarfræðingur, verkfræðingur, viðskiptafræðingur.

Heimildir: Framkvæmdastjórn ESB; greining Viðskiptaráðs Íslands